



39. samráðsfundur aðgerðastjórnar Sveitarfélagsins Voga, 25. mars 2021

Þátttakendur

Ásgeir Eiríksson bæjarstjóri, Daníel Arason forstöðumaður stjórnsýslu, Vignir Friðbjörnsson forstöðumaður umhverfis og eigna, Hilmar Egill Sveinbjörnsson skólastjóri Stóru-Vogaskóla, María Hermansdóttir skólastjóri Heilsuleikskólans Suðurvalla, Héðinn Ólafsson forstöðumaður íþróttamannvirkja og Guðmundur Stefán Gunnarsson íþrótt- og tómsundafulltrúi.

Fundargerð ritaði Daníel Arason.

Staðan almennt

Smitum í samfélaginu hefur fjölgað og fram er komið hið svokallaða breska afbrigði af veirunni sem virðist leggjast á yngri einstaklinga en hin fyrri. Af því tilefni hefur heilbrigðisráðherra hert sóttvarnaraðgerðir stórlega.

Sviðin hvert fyrir sig:

Grunnskólinn:

Grunnskólinn er lokaður í samræmi við sóttvarnareglur og send hafa verið út skilaboð til nemenda og forráðamanna um það. Í dag fimmtudag var áætlað að halda árshátíð skólans og hafa nemendur lagt hart að sér við undirbúning hennar en nú er ljóst að það þarf að fresta henni og verið er að skoða leiðir með að taka upp atriðin og gera það besta úr stöðunni.

Bókasafnið er einnig lokað.

Frístund

Frístund er lokuð.

Leikskólinn

Leikskólinn er opinn eins og reglugerð kveður á um. Starfsfólk er þó uggandi í ljósi þess að þetta afbrigði veirunnar virðist leggjast á yngri einstaklinga en áður. Foreldrar eru hvattir til að halda börnum sínum eins mikið heima og mögulegt er.

Álfagerði

Í ljósi þess að íbúar Álfagerðis hafa flestir ef ekki allir verið bólusettir er aðgangur þeirra að matsal heimill en öllum utanaðkomandi bannaður aðgangur.

Íþróttamiðstöðin

Öll starfsemi íþróttamiðstöðvar liggur niðri. Hægt er að sækja pakka í geymsluhólfín í miðstöðinni en þar er að sjálfsgöðu grímuskylda.

Félagsmiðstöðin

Félagsmiðstöðin er lokuð, en ekkert starf var fyrirhugað í henni fram að páskum hvort eð er þannig að þessar breytingar hafa ekki áhrif fyrr en eftir páska ef þær haldast óbreyttar.

Skrifstofan

Bæjarskrifstofan er lokuð frá og með fimmtudeginum 25. mars um óákveðinn tíma. Starfsfólk mun vinna í tveimur hópum og annar hópurinn vinnur heima annan hvern dag en hinn á skrifstofunni.

Umhverfideild

Þjónustumiðstöðin er lokuð. Starfsmenn umhverfiseildar fara eins lítið inn á stofnanir sveitarfélagsins og mögulegt er en einbeita sér þess í stað að útiverkefnum.

Önnur mál

Aðgerðastjórn leggur áherslu á að íbúar og starfsfólk Sveitarfélagsins Voga fari eftir þeim reglum og leiðbeiningum sem almannavarnir, landlæknir og sóttvarnarlæknir hafa gefið út er varðar einstaklingsbundnar smitvarnir.